



Borgarráð

**Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við framkvæmdir við Hagatorg.  
- Tilvísun í mál R19110129.**

Á fundi borgarráðs 14. nóvember 2019 var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins lögð fram:

- "1. Hvað hafa framkvæmdir við Hagatorg kostað til dagsins í dag?*
- 2. Hvað er áætlað þær komi til með að kosta?*
- 3. Hver hannaði breytingu á torginu?*
- 4. Var verkið boðið út?*
- 5. Hvers vegna var torgið ekki hannað samkvæmt lögum?*
- 6. Er áætlað að ryðja breytingunum í burtu vegna ólögmati þeirra?"*

Svör umhverfis- og skipulagssviðs:

1. Þann 27.nóvember 2019 er bókfærður kostnaður vegna breytinga á Hagatorg kr. 15.984.495,-
2. Kostnaðaráætlun 2 vegna framkvæmda við Hagatorg er 32 mkr.
3. Hönnuðir eru Mannvit verkfræðistofa ehf og Hornsteinar arkitektar ehf. Skrifstofa samgöngustjóra og borgarhönnunar annaðist frumhönnun breytinga.
4. Já. Útboð Reykjavíkurborgar nr. 14571.
5. Torgið var hannað samkvæmt lögum. Nýjar gangbrautir yfir torgið voru auglýstar í Stjórnartíðindum og merktar með lögbundnum hætti. Bent hefur verið á að óheimilt er að stöðva í hringtorgi samkvæmt umferðarlögum. Í samráði við lögreglu hefur verið ákveðið að staðfesta heimild strætisvagna til að stöðva við biðstöðina við Hagatorg í samræmi við a-lið 2. mgr. 81.gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Biðstöð strætó hefur verið á Hagatorgi í áratugi. Þá verður biðstöðin merkt með viðeigandi umferðarmerki.
6. Nei.

Ámundi Brynjólfsson,  
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Þorsteinn Rúnar Hermannsson,  
samgöngustjóri

